



**Sjálfsmat
2022-2023**

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla



Efnisyfirlit

Sjálfsmat veturinn 2020-2021	2
Árlegar kannanir og Skólapúlsinn	3
Árleg foreldrakönnun	3
Niðurstöður úr foreldrakönnun	3
Árleg nemendakönnun	7
Niðurstöður úr nemendakönnun í 1.-5. bekk	7
Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk	8
Árleg starfsmannakönnun	10
Niðurstöður starfsmannakönnunar	10
Lesferill – lesfimiþróf	13
Ungt fólk 2020	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Þróunaráætlanir teyma	14
Þróunaráætlun HOV	14
Þróunaráætlun LTÁ	8

Sjálfsmat veturinn 2022-2023

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur með sjálfsmatinu er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Í þessari skýrslu eru birtar tölfræðilegar og myndrænar niðurstöður kannana skólaársins 2022-2023. **Næsta skólaár 2023-2024 mun sjálfsmatsteymið hefja vinnu vetrarins á því að rifja upp umbótaráætlun upp úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir síðastliðið ár auk þess sem nýjar kannanir verða lagðar fyrir.**

Nýtt sjálfsmatsteymi tók til starfa í september 2019. Í því áttu sæti tveir fulltrúar starfsmanna og einn fulltrúi stjórnenda. Hlutverk teymisins er að halda utan um og skipuleggja innra mat skólans.

Í sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2022 á heimasíðu skólans

https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/verkaaetlun_gh_2019-2022.pdf er hægt að sjá áætlun um framkvæmd mats Grunnskóla Hornafjarðar.

Skólinn nýtir sér kannanir Skólapúlsins í sjálfsmati skólans og einbeitir sér að þeim niðurstöðum sem skólinn fær í gegnum Skólapúlsinn, nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir, og að gera umbótaáætlanir fyrir þá þætti sem þurfa þykir samkvæmt niðurstöðum.

Í þessari skýrslu er nánari útfærsla á niðurstöðum matsins sem byggt er á nemenda-, foreldra- og starfsmannakannana Skólapúlsins sem lagðar voru fyrir veturinn 2022-2023. Á skólaárinu voru einnig haldnir fundir þar sem sjálfsmatsteymið kynnti niðurstöður Skólapúls kannananna fyrir starfsfólki skólans auk þess sem teymið hittist reglulega til að rýna í niðurstöður kannananna.

Allir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar komu að sjálfsmati vetrarins. Nemendur í 1.-5. bekk svara stuttri könnun um ánægju af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum en nemendur í 6.-10. bekk svöruðu árlegri nemendakönnun.

Hluti foreldra kom að mati á skólastarfinu með þátttöku í árlegri foreldrakönnun Skólapúlsins.

Árlegar kannanir og Skólapúlsinn

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Þegar niðurstöður eru jákvæðar um skólastarfið styrkir það skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka. Þegar niðurstöður draga fram veikleika í skólastarfinu er reynt að bregðast við með viðeigandi umbótum eins fljótt og auðið er. Það er því mikilvægt að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið. Í Grunnskóla Hornafjarðar eru lagðar fyrir árlegar kannanir, fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla. Grunnskóli Hornafjarðar notast við sjálfsmatsskannanir Skólapúlsins. Nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir voru lagðar fyrir með vefkerfi Skólapúlsins. Kannanir voru lagðar fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk eins og fyrri ár. Nemendur í 1.-5. bekk svöruðu könnun Skólapúlsins sem mældi ánægju af lestri og líðan í skólanum. Foreldrar 101 barns tóku þátt í foreldrakönnun Skólapúlsins og allt starfsfólk skólans tók starfsmannakönnun Skólapúlsins. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og Skólavogarinnar sem mörg sveitarfélög nýta þ.á.m. Sveitarfélagið Hornafjörður. Vefkerfið heldur m.a. utan um ýmsar upplýsingar tengdar rekstri skólans og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á heimasíðu grunnskólans er hægt að lesa skýrslur með niðurstöðum kannana Skólapúlsins <http://gs.hornafjardur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/innra-mat/>

Um fjöllum um niðurstöður allra kannanna má sjá hér fyrir neðan.

Árleg foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir foreldra í febrúar 2023. Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr skólum af öllu landinu. Tekið var líkindaúrtak úr foreldrahópi alls skólans en samtals voru það foreldrar/forsjáraðilar 119 barna sem fengu boð til að taka þátt í könnuninni. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Grunnskóla Hornafjarðar var 82,9% en 101 foreldrar svöruðu könnuninni. Foreldrakönnuninni var skipt upp í fimm hluta *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur*. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

Niðurstöður úr foreldrakönnun

Eftirfarandi eru niðurstöður úr foreldrakönnun vetrarins.

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,0	117	-0,1	5,1	5.366	-0,1
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	89,8%	97/108	0,8%	90,6%	4426/4894	-0,8%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	91,4%	106/116	1,9%	82,8%	4374/5211	8,6%*
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	70,8%	80/113	4,9%	71,0%	3558/4949	-0,2%

Í þættinum nám og kennsla erum við á mjög svipuðum stað og sl. vetur. Ánægja foreldra með nám og kennslu og stjórnun skólans er örlítið undir landsmeðaltali. Hinsvegar er þátturinn hæfilegur agi í skólanum ennþá marktækt undir landsmeðaltali þó að hann hækki um 3% á milli ára. Enn finnst langflestum foreldrum þyngd námsefnis við hæfi.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,5	107	-0,3	4,6	4.870	-0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	88,5%	100/113	-2,8%	86,2%	4404/5085	2,3%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	91,6%	109/119	-0,2%	89,1%	4806/5370	2,5%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	92,6%	112/121	-2,2%	89,5%	4786/5338	3,1%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	90,5%	105/116	-2,3%	87,7%	4660/5296	2,8%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	9,2%	11/119	0,9%	10,5%	559/5309	-1,3%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	43,8%	7/16	-11,8%	52,4%	476/906	-8,6%

2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	43,8%	7/16	10,5%	50,3%	443/891	-6,5%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	72,1%	49/68	3,0%	73,3%	2188/2951	-1,2%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,6	18	-0,3	1,4	1.015	0,2
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	17	-	-	-	-

Í flokknum velferð nemenda erum við að sjá fyrstu 7 þættina haldast nokkuð stöðuga á milli ára. Hinsvegar lækkar ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum um 20% á milli ára. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans er marktækt undir landsmeðaltali.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,1	117	-0,5	5,4	5.233	-0,3*
3.2. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift	72,4%	71/98	8,8%	71,1%	3291/4552	1,3%
3.3. Notkun á mataráskrift	89,2%	107/120	-5,6%	87,9%	4772/5353	1,3%
3.4. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mataráskrift	0%	0/13	-	3,2%	17/572	-3,1%

Í flokknum aðstaða og þjónusta erum við marktækt yfir landsmeðaltali í notkun á tómstundapjónustu/frístundaheimili þó að hlutfall þeirra sem nýta sér þá þjónustu fækki um 10,7%. Ánægja foreldra með tómstundapjónustuna er á niðurleið og er eins og á síðasta ári marktækt undir landsmeðaltali. Ánægja foreldra með máltíðir í mótuneyti fer minnkandi og er marktækt undir landsmeðaltali.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,2	108	0,3	4,8	5.082	0,4
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	56,4%	57/101	2,6%	55,8%	2489/4290	0,6%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	64,3%	54/84	-8,0%	63,6%	2395/3662	0,7%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	87	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	74	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	93,8%	106/113	1,0%	93,2%	4741/5086	0,6%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	115	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	51,0%	52/102	-8,3%	58,0%	2572/4494	-6,9%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	84,1%	74/88	-4,8%	87,2%	3536/4053	-3,1%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	78,2%	86/110	-1,8%	78,8%	3918/4949	-0,6%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	82,0%	91/111	5,4%	69,7%	3712/5250	12,3%*

Í þessum flokki erum við að halda svipuðu róli og sl. skólaár. Foreldrar hér telja sig hafa örlítið minni áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur en gengur og gerist á landinu. 92,8% foreldra voru ánægðir með síðasta foreldraviðtal. Almennt erum við að halda okkur í kringum landsmeðaltali í þessum flokki.

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,8	114	0,0	4,9	5.181	-0,1
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,6	113	0,5	4,4	5.140	0,2
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	82,6%	90/109	3,0%	74,0%	3654/4862	8,6%*
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	56,0%	61/109	7,7%	57,3%	2819/4941	-1,3%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	65,2%	58/89	8,3%	75,9%	2941/4007	-10,7%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	23,6%	21/89	0,0%	14,2%	628/4007	9,4%*

Á milli ára lækkar virkni foreldra í námi barna sinna og er örlítið undir landsmeðaltali. 79,6% foreldra telja heimavinnu hæfilega. Foreldrar hér eyða marktækt minni tíma en aðrir foreldrar á landinu við heimanám. Væntingar foreldra um háskólanám eru marktækt undir landsmeðaltali.

Opin svör

Foreldrar eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir sérstaklega gott við skólann og þar kom fram að börnum þeirra líður vel í skólanum og þau eigi í góð tengslum við umsjónarkennara og annað starfsfólk skólans. Þar kom fram ánægja með starfsfólk skólans og að foreldrar ættu góð og jákvæð samskipti við starfsmenn. Einnig kom fram að kennarar hér séu jákvæðir, faglegir og metnaðarfullir og fylgdu nemendum vel eftir og að starfsfólk sé almennt vakandi og umhugað um börnin og þeir upplifa jákvætt andrúmsloft í skólanum.

Foreldrar eru einnig beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir að betur megi fara í skólanum og þar kom fram að foreldrum finnst að bæta megi aga og passa betur upp á samskipti nemenda, hvort sem er þeirra á milli eða við kennara og starfsfólk hvað varðar virðingu og kurteisi. Einnig kemur fram óánægja með aðstöðu frístundar í Kátakoti.

Umbótaáætlun

Undanfarinn vetur höfum við verið að einbeita okkur að agamálum og upplýsingagjöf. Niðurstöður koma að einhverju leyti aðeins betur út á meðal foreldra en m.t.t. þessara niðurstaðna höldum við ótrauð áfram við þá vinnu.

Árleg nemendakönnun

Skólapúlsinn í 1.-5. bekk var lagður fyrir í apríl að þessu sinni. Könnunin er með mynda- og talgervilsstuðningi fyrir nemendur. Spurt var um ánægju nemenda af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum.

Nemendakönnun Skólapúlsins fyrir nemendur í 6. – 10. bekk var lögð fyrir nemendur í september, janúar og maí og þurfa allir nemendur í þessum bekkjum að taka þátt einu sinni yfir skólaárið. Skólinn fær niðurstöður með samanburði við landið í heild eftir hverja könnun og heildarniðurstöður yfir árið í byrjun júní. Nemendur eru spurðir um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi auk almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Niðurstöður úr nemendakönnun í 1.-5. bekk

Í fyrravetur var heildarniðurstaða mjög jákvæð og voru allir bekkir yfir landsmeðaltali á öllum þremur þáttunum og allar heildarniðurstöður marktækt yfir landsmeðaltali. Í ár eru einnig allar heildarniðurstöður marktækt yfir landsmeðaltali en 1. og 5. bekkur eru undir á flestum þáttum. Niðurstöður voru kynntar kennurum á sameiginlegum fundi og eru því kennarar í öllum bekkjum meðvitaðir um niðurstöðurnar og rætt hvernig hægt væri að bregðast við.

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 2.b	4,5	14	-0,8	5,1	1.226	-0,6
1.2. Ánægja af lestri 3.b	5,9	32	1,3	5,0	1.263	0,9*
1.3. Ánægja af lestri 4.b	5,0	30	0,4	4,6	1.231	0,4
1.4. Ánægja af lestri 5.b	5,2	21	0,6	4,6	1.346	0,6*
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	5,2	97	0,3	4,8	5.166	0,4*

Allir bekkir eru á eða yfir landsmeðaltali með ánægju af lestri og er 2. bekkur yfir marktækt yfir landsmeðaltali og einnig heildarniðurstaðan.

Nemendur í 1. og 5. bekk eru örlítið undir landsmeðaltali hvað varðar ánægju með skólann. Aftur á móti eru 2., 3., og 4. bekkur yfir landsmeðaltali og 2. og 4. marktækt sem og heildarniðurstaðan.

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 2.b	6,1	14	-0,2	5,5	1.226	0,6
2.2. Ánægja með skólann 3.b	6,6	32	1,5	5,2	1.265	1,4*
2.3. Ánægja með skólann 4.b	5,1	30	-1,3	4,9	1.231	0,2
2.4. Ánægja með skólann 5.b	6,1	21	1,8	5,0	1.345	1,1*
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	5,9	97	0,3	5,1	5.167	0,8*

3. Vellíðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan í skólanum 2.b	6,0	14	-0,6	5,4	1.215	0,6
3.2. Vellíðan í skólanum 3.b	7,2	32	1,9	5,5	1.265	1,7*
3.3. Vellíðan í skólanum 4.b	5,6	30	-1,1	4,7	1.228	0,9*
3.4. Vellíðan í skólanum 5.b	6,3	21	1,4	4,9	1.346	1,4*
3.5. Vellíðan í skólanum 2.-5.b	6,4	97	0,5	5,1	5.154	1,3*

Þegar um vellíðan í skólanum er að ræða eru allir bekkir nema 1. yfir landsmeðaltali og eru 2., 4. og heildarniðurstaðan marktækt yfir landsmeðaltali.

Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk

Eftirfarandi eru heildarniðurstöður úr nemendakönnun fyrir 6. – 10. bekk.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,3	111	-0,3	4,4	16.560	-0,1
1.2. Þrautseigja í námi	4,8	112	0,2	4,5	16.652	0,3*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,8	112	-0,1	4,8	16.891	0,0
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,8	112	0,0	4,5	16.877	0,3
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,6	112	-0,1	4,4	16.645	0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,2	112	-	4,9	16.854	0,3*

Við höfum áfram unnið með þrautseigju í námi og trú á eigin getu og vinnubrögð en þessir þættir mælast nú marktækt yfir landsmeðaltali. Aðrir þættir eru um og yfir landsmeðaltali.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,7	111	0,1	4,3	16.581	0,4*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	109	-0,3	4,3	16.537	0,2
2.3. Velliðan	4,5	108	-0,0	4,3	16.732	0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	28	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,9	108	0,5	5,6	16.708	0,2
2.6. Tíðni eineltis	11,1%	12/108	1,8%	14,6%	2505/16639	-3,5%
2.7. Staðir eineltis	-	11	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	49,1%	52/106	-3,9%	44,4%	7254/16290	4,7%
2.9. Hollt mataræði	4,3	108	0,0	4,6	16.431	-0,3

Líðan og heilsa kemur vel út en en þar erum við yfir landsmeðaltali á öllum þáttum nema hollu mataræði og einelti. Sjálfsálit er marktækt yfir landsmeðaltali sem verður að teljast einkar ánægjuleg niðurstaða. Unnið hefur verið ötullega að bætingu í þættinum einelti og höldum við okkar undir landsmeðaltali áfram frá fyrra ári.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,1	107	0,2	4,8	16.405	0,3
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	108	-0,2	4,8	16.613	0,3
3.3. Agi í tímum	4,9	107	0,4	4,9	16.595	0,0
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,1	107	-0,2	4,9	16.552	0,2
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,7	106	-0,0	4,9	16.550	0,8*

Agi í tímum hefur lengi verið undir meðaltali en er nú á pari við landið sem er mjög ánægjulegt þar sem mikið hefur verið unnið að breytingu á þessum þætti. Aðrir þættir koma vel út og eru allir yfir landsmeðaltali en tíðni leiðsagnarmats mælist marktækt yfir landsmeðaltali.

4. Opin svör

Nemendur eiga að lýsa því sem þeim finnst gott við skólann og eru þeir almennt ánægðir. Þeir eru ánægðir með kennarana og skólafélagana og á unglingastiginu eru þeir ánægðir með að fá að vera inni í frímínútum, fara í íþróttir og smiðjur.

Einnig eiga þeir að lýsa því sem þeim finnst slæmt við skólann og þar kemur helst fram að þeim finnst maturinn ekki alltaf góður.

Umbótaáætlun

Starfsmenn skólans fara yfir niðurstöður nemendakannana Skólapúlsins þegar þær liggja fyrir hverju sinni. Sl. ár höfum við verið að einbeita okkur að trú á eigin getu, þrautseigju og dugnað og þar höfum við náð töluverðum árangri. Einnig hefur verið mikið unnið með umburðarlyndi og sjáum töluverðan árangur á þættinum líðan og heilsa.

Á þessu skólaári höfum við einbeitt okkur að agamálum og nemendakönnun sýnir að við höfum náð einhverjum árangri en foreldrakönnun gefur ekki sömu mynd. Þetta er þáttur sem við munum halda áfram að vinna með í næsta vetur.

Árleg starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir starfsmenn í febrúar 2022. Skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun apríl. Allir starfsmenn skólans eru spurðir um: viðhorf til skólans, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um: stefnumótun, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

Niðurstöður starfsmannakönnunar

Eftirfarandi eru niðurstöður úr starfsmannakönnun vetrarins.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,6	54	0,0	4,7	1.702	-0,1
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,8	54	-0,2	4,7	1.699	0,1
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,9	54	0,1	5,0	1.698	-0,1
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,3	54	0,0	4,9	1.702	0,4

Í könnuninni kemur fram að starfsmenn telja að vinnuálagið sé hóflegt og þeir viti til hvers ætlast er til af þeim og það er lítið um ágreining um hlutverk starfsmanna.

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,7	54	-0,6	4,8	1.690	-0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,4	54	0,5	5,0	1.687	0,4*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,0	54	0,1	5,0	1.688	0,0
2.4. Ræktun mannauðs	5,0	53	0,3	5,1	1.641	-0,1
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	96,2%	50/52	66,7%	75,6%	1187/1570	20,6%*
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	89,4%	42/47	6,1%	88,1%	978/1110	1,3%

Þátturinn leikni í starfi mælist marktækt yfir landsmeðaltali en skuldbinding til vinnustaðarins tekur mikla dýfu en er þó rétt undir landsmeðaltali.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,3	54	0,5	5,1	1.686	0,2
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,8	53	-0,7	4,5	1.629	0,3
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,3	54	0,1	5,1	1.677	0,2
3.4. Stuðningur við nýsköpun	5,6	53	0,7	5,2	1.672	0,4*
3.5. Mismunur	4,5	53	-0,1	4,8	1.675	-0,3*
3.6. Einelti (þú)	1,9%	1/54	-6,8%	3,4%	58/1698	-1,5%
3.7. Einelti (annar en þú)	9,4%	5/53	-21,0%	10,8%	182/1686	-1,4%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0/53	-	4,6%	78/1686	-4,6%
3.9. Kynferðisleg áreitni	0%	0/54	-	0,5%	9/1705	-0,5%

Í þessum flokki erum við að sjá miklar breytingar til hins verra. Við lækkum á öllum þáttum nema þættinum mismunur. Einelti mælist nú marktækt yfir landsmeðaltali og starfsandi hefur lækkað mikið frá sl. vetri. Ánægja með vinnuaðstöðu mælist þó marktækt yfir landsmeðaltali.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,6	53	0,7	5,3	1.648	0,3*
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,6	53	0,7	5,2	1.646	0,4*
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,1	53	0,0	5,1	1.634	0,0
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	-	-	-	-	-	-
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-

Þátturinn stjórnun tekur töluverða dýfu niður á við og mælast allir þættir undir landsmeðaltali nema valdeflandi forysta.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	6,0	30	0,3	5,0	938	0,9*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,2	30	-0,2	5,0	927	0,2
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	4,9	27	0,3	4,9	779	0,0
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	32,1 mín	29	5,9 mín	35,4 mín	802	-3,3 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	71,0%	22/31	3,1%	66,2%	639/965	4,8%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	30,0%	9/30	-0,8%	50,0%	449/898	-20,0%*
5.7. Hópavinna í bekk	44,8%	13/29	0,4%	33,8%	291/862	11,0%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	20,7%	6/29	-8,9%	30,6%	277/906	-9,9%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	58,1%	18/31	-6,2%	56,8%	524/922	1,3%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	3,4%	1/29	3,4%	9,1%	79/867	-5,7%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	64,5%	20/31	-14,1%	78,1%	730/935	-13,6%*

Kennarar í Grunnskóla Hornafjarðar eru ánægðari með kennarastarfið en aðrir kennarar. Hvað varðar upplýsingamiðlun til foreldra þá er annars vegar um að ræða að kennarar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um námsárangur nemenda, og hins vegar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um hegðun og/eða líðan. En kennarar telja að þeir veiti minni upplýsingar en aðrir. Einstaklingsmiðuð kennsla hækkaði töluvert síðasta vetur og heldur sér á svipuðum stað. Áhersla kennara á námsmat með prófum er enn töluvert minni en almennt gerist og áhersla á námsmat með öðru en prófum er á landsmeðaltali. Kennarar hér áætla 15,3 mín styttri tíma í heimavinnu en almennt gerist og telst niðurstaðan marktæk.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,9	29	-0,8	5,3	843	-0,4
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	4,7	28	-0,4	5,2	836	-0,5
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,2	30	0,9	5,2	928	0,0
6.4. Samráð um kennslu	5,0	29	0,0	5,3	897	-0,3
6.5. Samvinna um kennslu	5,4	26	0,3	5,7	809	-0,3

Í þessum flokki eru kennarar marktækt ánægðari en aðrir með stuðning við kennara vegna nemenda með námserfiðleika. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara mælist marktækt undir landsmeðaltali. Samráð um kennslu lækkar töluvert á milli ára.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	44,4%	12/27	-11,6%	46,4%	429/924	-2,0%
7.2. Símenntunarbörf kennara	6,4	30	1,2	6,4	911	0,0
7.3. Símenntunarbörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	53,3%	16/30	24,7%	48,2%	450/934	5,1%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	29	-	-	-	-

Fjöldi daga í símenntun er töluvert hærri hér en á landinu eða 12,7% og 20,7% færri hér sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarið ár en á landinu.

Opin svör


Kennarar gátu lýst því yfir hvað þeim finnst sérstaklega gott við skólann og þar kom fram að við skólann starfar frábært starfsfólk og margir tala um góðan starfsanda, samvinnu og samheldni starfsfólks. Kennarar lýsa mikilli grósku og metnaði til að gera betur.

Einnig gátu kennarar lýst því yfir hvað þeim finnst betur megi fara í skólanum og má þar helst nefna að kennurum finnst skorta upplýsingaflæði á milli stjórnenda og annars starfsfólks við skólann.

Lesferill – lesfimiþróf

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar hafa verið lögð fyrir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar frá upphafi, haustinu 2016, og var skólinn einn af skólum landsins sem tók þátt í fyrirlögnum

Þegar unnið var að stöðlun lesfimiþrófanna. Niðurstöður í maí 2022 má sjá á eftirfarandi mynd:



Eins og sjá má á myndinni þá fylgja nemendur grunnskólans að mestu leyti landsmeðaltali en 4. og 10. bekkur eru þó nokkuð yfir meðaltalinu. Þessar niðurstöður hvetja okkur áfram og höldum við því góða starfi sem unnið hefur verið í skólanum eftir áætlun „Leið til árangurs“. Grunnskólinn, leikskólinn og bæjaryfirvöld á Hornafirði tóku höndum saman um að efla námsárangur nemenda og haustið 2015 hófst vinnan formlega undir nafninu „Leið til árangurs“. Um leið og þessi vinna hófst var áhersla lögð á að fá foreldra/forráðamenn í lið með okkur í að bæta lesfimi nemenda með heimalestri á hverjum degi í öllum árgöngum grunnskólans. Bætt lesfimi hefur mikil áhrif á námsárangur nemenda og er það markmið skólans og foreldra að efla þá getu.

Þróunaráætlanir teyma

Í vetur voru tvö teymi fyrir utan sjálfsmatsteymið starfrækt en það eru teymin „Leið til árangurs“- LTÁ og Heilbrigði og velferð- HOV.

Þróunaráætlun HOV

Í maí og júní var unnið að endurskoðun á þróunaráætlun HOV bæði innan teymis og síðan á

Tími	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Ágúst-september	- Norræna skólahlaupið - Göngum skólann átakið - Kosið um óskamáltíðir - Umhverfisnefnd skólans sem kosin var síðasta haust til tveggja ára hittist og undirbýr vinnu vetrarins - Umsjónarkennarar keyra í gang 6 vikna áætlun Uppeldi til ábyrgðar - Námskeið fyrir starfsfólk - Plastlaus september - Olympíuhlaupið - Hvetja starfsfólk og nemendur skólans til að koma gangandi eða hjólandi í skólann - Skólavinir - Verkferakista Vöndu, muna eftir að setja inn í áætlun - Komast undir landsmeðaltal með einelti meðal nemenda. - Ákveðið að fylgja eineltisstefnu bæjarins fyrir starfsfólk	<i>*Skiptingin Heilsueflandi skóli, Umhverfisteymi og UTÁ er eingöngu til aðgreiningar fyrir teymið, þetta eru allt sameiginleg markmið HOV teymisins.</i> - Göngum skólann átakið - hvetja nemendur og kennara að nýta sér virkan ferðamáta til að koma í skólann. - Kosið um óskamáltíðir. - Olympíuhlaupið. Skólavinir byrja – ætlum að reyna lífga svolítið upp á það með einhverjum hætti. - Verður að vera gulrót 5 vikna tímabil - Farið í ferðir: Lónsöræfi, Suðursveit, Örnefi, gönguferð og berjaferð. - Hreyfistundir starfsfólks. - Bekkjarkeppnir í Heppuskóla og opið íþróttahús í frímínútum.	<i>*Skiptingin Heilsueflandi skóli, Umhverfisteymi og UTÁ er eingöngu til aðgreiningar fyrir teymið, þetta eru allt sameiginleg markmið HOV teymisins</i> - Göngum skólann átakið - hvetja nemendur og kennara að nýta sér virkan ferðamáta til að koma í skólann. - Kosið um óskamáltíðir. - Olympíuhlaupið. Skólavinir byrja – ætlum að reyna lífga svolítið upp á það með einhverjum hætti. - Verður að vera gulrót 5 vikna tímabil - Farið í ferðir: Lónsöræfi, Suðursveit, Örnefi, gönguferð og berjaferð. - Hreyfistundir starfsfólks. - Bekkjarkeppnir í Heppuskóla og opið íþróttahús í frímínútum. - Mála á skólalóðina ýmsa leiki: slönguspil, skæri blað steinn og fl. - Virkja nemendafélag í Heppuskóla varðandi heilsueflingu. - Just dance í íþróttahúsi. - Heilsuefling fyrir starfsfólk í samstarfi við skemmtifélag. - Verkferakista Vöndu, muna eftir að setja inn í áætlun - Komast undir landsmeðaltal með einelti meðal nemenda. - Ákveðið að fylgja eineltisstefnu bæjarins fyrir starfsfólk - Lónsöræfi, Suðursveit, Örnefi. - Bekkjarkeppnir í Heppuskóla hefjast. - Fara yfir gátlista inn á heilsueflandi.is - Hreyfistundir starfsfólk hefjast. - Haustgönguferð 5.-10.bekkur - berjaferð 1.-4.bekkur

- Þema ákveðið
- Lónsöræfi, Suðursveit, Öræfi.
- Skolavinir hefjast og standa allt skólaárið
- Bekkjarkeppnir í Heppuskóla hefjast.
- Fara yfir gátlista inn á heilsueflandi.is
- Hvetja starfsfólk og nemendur skólans til að koma gangandi eða hjólandi í skólann
- Hreyfistundir starfsfólks hefjast.
- Haustgönguferð 5.-10.bekkur
- berjaferð 1.-4.bekkur

- Mála á skólalóðina ýmsa leiki: slönguspil, skæri blað steinn og fl.
- Virkja nemendafélag í Heppuskóla varðandi heilsueflingu.
- Just dance í íþróttahúsi.
- Heilsuefling fyrir starfsfólk í samstarfi við skemmtifélag.
- Verkfærakista Vöndu, muna eftir að setja inn í áætlun
- Komast undir landsmeðaltal með einelti meðal nemenda.
- Ákveðið að fylgja eineltisstefnu bæjarins fyrir starfsfólk
- Lónsöræfi, Suðursveit, Öræfi.
- Skolavinir hefjast og standa allt skólaárið
- Bekkjarkeppnir í Heppuskóla hefjast.
- Fara yfir gátlista inn á heilsueflandi.is
- Hvetja starfsfólk og nemendur skólans til að koma gangandi eða hjólandi í skólann
- Hreyfistundir starfsfólks hefjast.
- Haustgönguferð 5.-10.bekkur
- berjaferð 1.-4.bekkur

Umhverfisteymi

- Umhverfissáttmálinn, kynntur í hverjum bekk, verður að vera í öllum stofum 20.sept.
- Grænfáninn: kynna hann, verkefni inn á Smore.
- Umhverfisnefnd nemenda undirbýr vinnu vetrarins.
- Þema GH Hnattraent jafnrétti / úrgangur og neysla Plastlaus september
- Náms-og skólaferðir að hausti: Tengja umhverfisvinnu við námsferðarnar.
- Umhverfis og góðgerðarvika.

Uppeldi til ábyrgðar áætlun

- Kjörórðin okkar-taka fyrir 1 kjörórð til að vinna með í mánuði.
- Kynna skólareglurnar sem eru í anda UTÁ
- Námskeið um UTÁ að hausti fyrir nýja starfsmenn
- Kvan: Verkfærakista Vöndu, muna eftir að setja inn í áætlun
- Velja nýtt Logo og ný kjörórð.

		<u>Umhverfisteymi</u> • Umhverfissáttmálinn, kynntur í hverjum bekk, verður að vera í öllum stofum 20.sept. • Grænfáninn: kynna hann, verkefni inn á Smore. • Umhverfisnefnd nemenda undirbýr vinnu vetrarins. • pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla • <i>Grænfánin afmælisþema:</i> Plast. Plastlaus september • Náms-og skólaferðir að hausti: Tengja umhverfisvinnu við námsferðarnar. <u>Uppeldi til ábyrgðar áætlun</u> • Kjörorðin okkar-taka fyrir 1 kjörorð til að vinna með í mánuði. • Kynna skólareglurnar sem eru í anda UTÁ • Námskeið um UTÁ að hausti fyrir nýja starfsmenn • Upprifjun á UTÁ með öllum starfsmönnum • 6 vikna áætlun	
--	--	---	--

		• Parfaplattar • Nýjar merkingar upp á vegg, þarfirnar og.fl. • Kvan: Verkfærakista Vöndu, muna eftir að setja inn í áætlun	
Október	• Tengslakannanir • Minna á notkun endurskinsmerkja fyrir veturinn • Bekkjarkeppni í Heppu • Skólavinir í Hafnars • Hreyfistundir starfsfólks • Nemendur völdu þemað Hnattraent jafnrétti, einnig vilja þau vinna áfram með úrgang og neyslu. • Minna kennara á að nota Verkfærakistan	• Tengslakannanir • Minna kennara á að nota Verkfærakistuna UTÁ • Göngum í skólann átakið. • Skólavinir. • Hreyfistundir starfsfólks. • Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi. • Minna á notkun endurskinsmerkja fyrir veturinn. • Halloween just dance. <u>Umhverfisteymi</u> • Pema GH Hnattraent jafnrétti / úrgangur og neysla • Grænfánin afmælisþema: Loftslagsbreytingar og valdefling.	• Tengslakannanir • Minna kennara á að nota Verkfærakistuna UTÁ • Göngum í skólann átakið. • Skólavinir. • Hreyfistundir starfsfólks. • Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi. • Minna á notkun endurskinsmerkja fyrir veturinn. • Halloween just dance. <u>Umhverfisteymi</u> • Pema GH Hnattraent jafnrétti / úrgangur og neysla • Grænfáninn afmælisþema: Loftslagsbreytingar og valdefling. •
Nóvember	• Hafnarhittingur • Baráttudagur gegn einelti 8.nóv	• Skoðum nemendur með augum KVAN (leiðtogi, týnd eða hafnað)	• Skoðum nemendur með augum KVAN (leiðtogi, týnd eða hafnað)

	- Skólavinir - Bekkjarkeppni - Hreyfistundir starfsfólks - Skoðum nemendur með augum KVAN (leiðtogi, týnd eða hafnað)	- Göngum í skólann átakið. - Skólavinir. - Hreyfistundir starfsfólks. - Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi. - Baráttudagur gegn einelti 8.nóv. - Dagur mannréttinda barna 20.nóv <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla - Grænfáninn afmælispema: Orka og vistspor/kolefnisspor.	- Göngum í skólann átakið. - Skólavinir. - Hreyfistundir starfsfólks. - Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi. - Baráttudagur gegn einelti 8.nóv. - Dagur mannréttinda barna 20.nóv <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla - Grænfáninn pema: Orka og vistspor/kolefnisspor
Desember	- Jólahittingur með foreldrafélaginu ef áhugi er á - Skólavinir - Bekkjarkeppni í heppu - Hreyfistundir starfsfólks	- Göngum í skólann átakið - Skólavinir - Hreyfistundir starfsfólks - Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla	- Göngum í skólann átakið - Skólavinir - Hreyfistundir starfsfólks - Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla

		• <i>Grænfáninn afmælisþema: Neysla og hringrásarhagkerfið.</i>	• <i>Grænfáninn: Neysla og hringrásarhagkerfið.</i>
Janúar	• Skólavinir • Bekkjarkeppni • Hreyfistundir starfsfólks • Dansvika	• Göngum í skólann átakið . • Skólavinir. • Hreyfistundir starfsfólks. • Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi. . • Dansvika • Em í handbolta pepp ◦ Bekkjarkeppni í handbolta á eldra stigi. ◦ 6.bekkur á móti kennurum. <u>Umhverfisteymi</u> • Þema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla • <i>Grænfáninn afmælisþema:</i> Matur og grænkerar •	• Göngum í skólann átakið . • Skólavinir. • Hreyfistundir starfsfólks. • Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi. . • Dansvika • Em í handbolta pepp ◦ Bekkjarkeppni í handbolta á eldra stigi. ◦ 6.bekkur á móti kennurum. <u>Umhverfisteymi</u> • Þema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla • <i>Grænfáninn afmælisþema:</i> Matur og grænkerar •
Febrúar	• Hafnarhittingur • Heilsueflandi grunnskóli: • Skíðaferð 6 og 8 bekkur. • Skólahreysti • Skólavinir • Bekkjarkeppni • Hreyfistundir	• Göngum í skólann átakið. • Skólavinir. • Hreyfistundir starfsfólks. • Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi. • Skíðaferðir í 6.bekk og 8.bekk.	• Göngum í skólann átakið. • Skólavinir. • Hreyfistundir starfsfólks. • Bekkjarkeppnir og opið hús í íþróttahúsi. • Skíðaferðir í 6.bekk og 8.bekk.

		(Just dance) - fer eftir öðru uppbroti. <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla <i>Grænfánin afmælisþema:</i> Grendarnám og áttthagar.	(Just dance) - fer eftir öðru uppbroti. <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla <i>Grænfánin afmælisþema:</i> Grendarnám og áttthagar
Mars	- Samgöngukönnun - Skólavinir - Bekkjarkeppni - Hreyfistundir	- Göngum í skólann átakið . - Skólavinir. - Hreyfistundir starfsfólks. <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla <i>Grænfáninn afmælisþema:</i> Fataneysla og fatasóun.	- Göngum í skólann átakið . - Skólavinir. - Hreyfistundir starfsfólks. <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla <i>Grænfáninn afmælis:</i> Fataneysla og fatasóun.
Apríl	- Skólavinir - Bekkjarkeppni - Næringafræði í 10.bekk - Hreyfistundir. - Umhverfsdagur 25. apríl	- Göngum í skólann átakið tekið á annað stig. - Skólavinir. - Hreyfistundir starfsfólks - Heilsuefning fyrir starfsfólk í samstarfi við skemmtifélag í lok mánaðar.	- Göngum í skólann átakið tekið á annað stig. - Skólavinir. - Hreyfistundir starfsfólks - Heilsuefning fyrir starfsfólk í samstarfi við skemmtifélag í lok mánaðar.

		- Næringarfræði í 10.bekk - Skólahreystir (innan skóla keppni) Var ekki haldin <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla - Grænfáninn afmælisþema: Hnattrænt jafnrétti, lífsgæði og forréttindi. - Umhverfisdagur: Sameiginleg afmælishátíð allra grænfánaskóla 25.apríl.	- Næringarfræði í 10.bekk - Skólahreystir (innan skóla keppni) <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla - Grænfáninn afmælisþema: Hnattrænt jafnrétti, lífsgæði og forréttindi.
Mái	- Unicef hlaupið - Hjólað í vinnuna átak - Stóri Íþróttadagurinn - Ýmsar ferðir í árgöngum - Samgöngukönnun	- Hjólað í vinnuna átak - Göngum í skólann átakið tekið á annað stig. - Hreyfistundir starfsfólks - Unicef hlaupið - Stóri íþróttadagurinn <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla - Grænfáninn afmælisþema: Lífbreytileiki og vistheimt. - Ýmsar ferðir farnar í öllum árgöngum: tengja innihald ferða við HOV.	- Hjólað í vinnuna átak - Göngum í skólann átakið tekið á annað stig. - Hreyfistundir starfsfólks - Unicef hlaupið (endurskoða þáttöku) - Stóri íþróttadagurinn - Pemahátíð sem endar með skróðgöngu <u>Umhverfisteymi</u> - Pema GH Hnattrænt jafnrétti / úrgangur og neysla - Grænfáninn afmælisþema: Lífbreytileiki og vistheimt.

			• Ýmsar ferðir farnar í öllum árgöngum: tengja innihald ferða við HOV. •
Júní			

Próunaráætlun fyrir UTÁ

- Námskeið um UTÁ að hausti fyrir nýja starfsmenn
- Upprifjun á UTÁ með öllum starfsmönnum
- Ýta á eftir vinnu við 6 vikna áætlunina að hausti
- Kynna skólareglurnar sem eru í anda UTÁ
- Hittast 2-3 yfir veturinn og ræða efni úr UTÁ t.d. stuttu inngripinn, uppbyggingarþríhyrninginn, hvernig við útfærum UTÁ í vinnu með nemendur sbr. Skólareglur, viðbrögð ef út af bregður og fleira. Stundum er þetta á sér fundum en getur líka komið inn sem sjálfsagður hlutur þegar rætt er önnur mál.
- Senda heilræði í anda UTÁ í fréttabréfum og tölvupóstum.
- Minna á UTÁ við hinar ýmsu aðstæður

Hugmyndir HG:

- Forvarnir, næring, geðrækt.
- Folf, gólf, brennó, badminton, fjallganga, zumba, þrek.

Próunaráætlun LTÁ

Eftirfarandi er próunaráætlun LTÁ teymisins.

Haut 2022	Vetur 2023	Vor 2023	Ábyrgðaraðili	mat 23
Auka samstarf LTÁ og HOV teymisins (Samtal um skólahreysti, legó, nýsköpun og önnur verkefni)	Auka samstarf LTÁ og HOV teymisins	Auka samstarf LTÁ og HOV teymisins	LTÁ og HOV	
Skoða niðurstöður Lesferils, meta árangur og koma með tillögur til úrbóta ef þörf er á.	Skoða niðurstöður Lesferils, meta árangur og koma með tillögur til úrbóta ef þörf er á.	Skoða niðurstöður Lesferils, meta árangur og koma með tillögur til úrbóta ef þörf er á.	Umsjónarkennarar og sérkennarar.	
Niðurstöður hliðarprófa Lesferils greindar m.t.t. lestrarvanda og brugðist við þeim. 3. , 6. og 8. b.	Niðurstöður hliðarprófa Lesferils greindar m.t.t. lestrarvanda og brugðist við þeim. 3. , 6. og 8. b.	Niðurstöður hliðarprófa Lesferils greindar m.t.t. lestrarvanda og brugðist við þeim. 3. , 6. og 8. b.	Aðstoðarskólastjóri/stoðþjónusta (próf á LOGOS).	
Skoða niðurstöður Talnalykils, meta árangur og bregðast við með markvissri íhlutun. 3. og 6.bekkur.			Aðstoðarskólastjóri/stoðþjónusta (próf á Talnalykil).	
Athuga nýtt samræmt mat mms		Athuga nýtt samræmt mat mms	Umsjónarkennarar, sérkennarar og kennarar faga sem prófað er í.	
Skriftarkennsla. Yngsta stig tekur umfjöllun um hvernig henni sé háttað.			LTÁ	
Orðaforðakennsla og lesskilningur.	Orðaforðakennsla og lesskilningur.	Orðaforðakennsla og lesskilningur.	Allir starfsmenn.	
Efla samtal umsjónarkennara, sérkennara og stuðningsfulltrúa.	Efla samtal umsjónarkennara, sérkennara og stuðningsfulltrúa.	Efla samtal umsjónarkennara, sérkennara og stuðningsfulltrúa.	Allir starfsmenn.	
Unnið markvisst með ritun.	Unnið markvisst með ritun.	Unnið markvisst með ritun.	Umsjónarkennarar	
Niðurstöðum stærðfræðilota safnað í gagnagrunn.	Niðurstöðum stærðfræðilota safnað í gagnagrunn.	Niðurstöðum stærðfræðilota safnað í gagnagrunn.	Umsjónarkennarar 1.-6.bekk.	

Leiðsagnarnám.	Leiðsagnarnám.	Leiðsagnarnám.	Allir kennarar.	
Skoða niðurstöður Skólapúlsins, virkni nemenda í skólanum.	Skoða niðurstöður Skólapúlsins, virkni nemenda í skólanum.	Skoða niðurstöður Skólapúlsins, virkni nemenda í skólanum.	Matsteymi.	
Teymisvinna – þróunarvinna.	Teymisvinna – þróunarvinna.	Teymisvinna – þróunarvinna.	Allir sem koma að kennslu nemenda.	
Markviss notkun tækni við nám og kennslu.	Markviss notkun tækni við nám og kennslu.	Markviss notkun tækni við nám og kennslu.	Allir sem koma að kennslu nemenda.	
Endurskoðun á heimalestrarskráningu.	Farið yfir hvernig gengur.	Mat á endurbótum.		